



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@mvv.is

Fundargerð Veitnanefndar 10.fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 18. október 2005 kl. 10:00

Mættir: Áslaugur Haddsson, Kristján Steingrímsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Úlfar Sæmundsson. Oddviti ritaði fundargerð.

1. Rekstraráætlun fyrir Varmaskiptastöð Skútustaðahrepps árið 2006.

Farið var yfir rekstraráætlunina sem barst frá Landsvirkjun 06. okt. sl. Samkv. tölulið 1, er gert ráð fyrir 77 klst við vinnu og eftirlit á kr. 3.400,- samtals kr. 261.800,- sem er lækkun frá fyrra ári.

2 liður áætlunarinnar gerir ráð fyrir a. Endurbótum á rafmagni og lýsingu kr. 404.000,-. Rætt hefur verið við Þorvald Þorsteinsson um hvort hann gæti tekið að sér verkið og skal því þá lokið fyrir áramót 2005/2006. b. Endurnýjun á suðurhurðum og c. endurbætur á hurð á milli ríma. LV er tilbúin að taka að sér b og c lið fyrir kr. 146.000,-. Einnig kemur fram í texta með rekstraráætluninni að þessi atriði hafi öll verið á áætlun næstliðins árs en ekki fengið samþykki og er nú óskað skriflegs samþykkis fyrir framkvæmdum eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Nefndarmenn mæla eindregið með því að það verði gert.

Töluverðar umræður urðu um frágang utan húss við Varmaskiptastöðina og hvers vegna ekki væri búið að framkvæma þau atriði sem voru fyrirbyggjandi miðað við verkefnalista frá því í vor. Umsjónarmaður hitaveitu benti á að vegna anna við önnur verkefni óskildum hitaveitu hafi ekki gefist tími til að vinna þessi verk. Nefndarmenn lýstu áhyggjum yfir því og telja að endurskoða þurfi starfsskyldur umsjónarmanns.

2. Önnur mál.

Farið yfir ástand lagnar frá brunni í Reykjahlíð suður í sveit. Veitnanefnd leggur til að gerð verði fagleg úttekt á lögninni svo að hægt sé að meta ástand og flutningsgetu.

Fleira ekki gert,
fundir slitið
Áslaugur Haddsson,
Kristján Steingrímsson,
Yngvi Ragnar Kristjánsson

